



155. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn, 15. mars, 2006, kl. 11:15.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Hafíssetur á Blönduósi.

Mættir eru Björn G. Björnsson, sýningarstjóri og Þór Jakobsson, veðurfræðingur til viðræðna um undirbúning hafísseturs í Hillebrandtshúsi. Farið var yfir tilhögun sýningarinnar og lýstu fundarmenn yfir ánægju með hugmyndirnar. Stefnt er að hafíssýningin verði opnuð þ. 25. maí nk.

Jafnframt rætt um listaverkið "Veðurspámaðurinn". Þór upplýsti að búið væri að fullgera verkið en ekki væri enn hafinn undirbúningur að því að flytja það til landsins. Rætt um staðsetningu listaverksins. Stefnt er því að verkið verði reist á Blönduósi í byrjun sumars.

Björn og Þór viku af fundi að loknum þessum lið.

Bæjarstjóri greindi frá því að salernisaðstaða (einingahús) frá Trésmiðju Kára Lárussonar yrði tilbúið til afhendingar þ. 15.maí nk. Rætt hefur verið við Hjörleif Stefánsson, arkitekt varðandi einingahúsið og staðsetningu þess á lóðinni. Er hann samþykktur þeim tillögum sem fram hafa komið.

2. Kauptilboð v. Mýrarbraut 28.

Gagntilboð hefur borist í húseign sveitarfélagsins að Mýrarbraut 28 að upphæð kr. 6.150.000,-. Tilboðinu er hafnað.

3. Endurskoðun á reglum um niðurfellingu fasteignaskatts.

Bæjarstjóri gerði tillögu að lítilsháttar breytingu á reglunum. Samþykkt er að 2. gr. reglna um afslátt fasteignaskatts hljóði svo: "Lækkun á fasteignaskatti skal nema hlutfalli tekjutryggingar. Elli- og örorkulífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu 1. janúar 2006 fái lækkun á álögdum fasteignaskatti á íbúð vegna eigin nota allt að kr. 25.000,-".

4. Erindi frá Allsherjarnefnd Alþingis.

Fyrir liggur til umsagnar frumvarp til lögreglulaga og framkvæmdavalds ríkisins í héraði, 520. mál, skipulag löggæslunnar, greiningardeildar. Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá SASS.

Athygli er vakin á því að á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, SASS, hefur verið starfandi stóriðjunefnd frá 2004. Er Þorlákshöfn sameiginlegur valkostur héraðsins sem stórskipahöfn. Lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá Umhverfisstofnun.

Minnt er á reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Lagt fram til kynningar.



7. Bréf frá Landgræðslu ríkisins.

Vakin er athygli á verkefninu "Bændur græða landið (BGL)" sem er samvinnuverkefni Landgræðslunnar og bænda um uppgræðslu heimalands.

8. Ársreikningur Norðuróss ehf.

Aðalfundur fyrirtækisins var haldinn þ. 28. febrúar sl. Ársreikningur lagður fram til kynningar.

9. Önnur mál.

a. Rætt um ferðaþjónustumál í sveitarfélaginu. *Bæjarstjóra falið að auglýsa eftir aðilum til rekstrar upplýsingamiðstöðvar og tjaldsvæðis sumarið 2006.*

b. Sameign Flúðabakka 3, sbr. liður 5 í fundargerð bæjarráðs frá 1. mars sl. *Bæjarstjóri gerði grein fyrir afgreiðslu málsins á grundvelli nýrra gagna.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:15.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)